

Menningarlegur margbreytileiki

Þróunarverkefni um betra samstarf

við erlenda foreldra

Leikskólinn Iðavöllur

2002-2004

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

2004

Anna Elísa Hreiðarsdóttir

2004

Efnisyfirlit

1. kafli Aðdragandinn	4
2. kafli Tilgangur og markmið.....	6
2.1 Markmið og rökstuðningur	7
3. kafli Þróunarstyrkurinn.....	10
4. kafli Verkefnið.....	11
4.1 Móttaka nýrra barna.....	11
4.2 Málörvun og íslenskukennsla	13
4.2.1 Fyrri hluti.....	13
4.2.2 Seinni hluti.....	14
5. kafli Mat á verkefninu	17
5.1 Forkönnun.....	17
5.2 Mat á meðan á verkefni stóð	19
5.3 Langtímaáhrif verkefnisins.....	20
5.4 Mat starfsmanna ári eftir að verkefni lauk.....	21
6. kafli Samantekt.....	27
Fylgiskjöl.....	29
Fylgiskjal 1 Upplýsingar frá foreldri	29
Fylgiskjal 2 Orðabók	31
Fylgiskjal 3 Sýnishorn úr rússneskri orðabók	34
Fylgiskjal 4 Sýnishorn úr orðabók barns	35

1. kafli Aðdragandinn

Leikskólinn Iðavöllur á sér sögu aftur til ársins 1955 og flutti í eigið húsnæði haustið 1959. Snemma árs 2001 flutti leikskólinn aftur í nýtt húsnæði og varð um leið fjögurra deilda.

Á gamla Iðavelli höfðu kennarar, árið fyrir flutningana, þegar rætt sérstaklega um að gefa erlendum foreldrum tíma og vanda sig í að koma til þeirra upplýsingum á daglegu róli en að öðru leyti hafði lítið sem ekkert verið hugað sérstaklega að þessum hópi foreldra. Hvað varðar börnin var varinn hafður á ef þau þyrftu talkennslu enda vitað að stundum vantaði upp á málþroska, bæði tjáningu, skilning og vitund.

Í nýja húsinu voru tekin inn 74 ný börn fyrsta árið og í hópnum voru börn af mörgu þjóðerni eða 22 börn að vori 2002. (Sjá ópr. B.Ed ritgerð Önnu Lilju Sævarsdóttur og fleiri um aðstæður tvítýngdra barna í leikskólum á Akureyri á slóðinni: <http://idavollur.akureyri.is/fjolmenning/utdrattur.htm>).

Börnin voru misjafnlega vel stödd hvað varðar málfærni í íslensku, allt frá því að vera vel stödd til þess að kunna vart orð í íslensku. Þennan vetur voru tvö barnanna algerlega mállaus á íslensku til að byrja með.

Sú staðreynd að börnin voru þetta mörg beindi sjónum kennara að þeim enda ekki hægt að láta sér yfirsjást svo stór hópur með sameiginleg einkenni, tvítýngi. Erfiðleikar tengdir tjáningu geta auðveldlega leitt af sér erfiðleika á félagslega sviðinu og þá hlið þurfti líka að hafa í huga. Sú athugun leiddi hugann að öðrum hópi barna en það voru börn sem áttu íslenska foreldra en voru nýflutt til landsins eftir langa dvöl erlendis. Þessi hópur hefur síðan þá verið talin með í verkefninu enda reynslan sú að sum barnanna vanti orðaforða á íslensku yfir það sem þau upplifðu áður á öðru tungumáli, samskipti við önnur börn og skólaumhverfið. Hér er m.a. átt við það sem þarf til að geta komist inn í leik og haldið leikgangandi., t.d. reglur í íslensku leikferli ofl.

Á sama tíma var grunnskólinn í hverfinu, Oddeyrarskóli, að þróa móttökudeild fyrir nýbúa og þótti það falla vel að verkefninu og auka gildi þess. Slóðin að deildinni er hér:

<http://www.oddak.akureyri.is/>

Einn hvatinn í viðbót var sá að á Iðavelli er lögð mikil áhersla á fjölbreytt og virkt foreldrasamstarf og því kom það næstum af sjálfu sér að takast markvisst á við foreldrasamstarf í margmenningunni. Kennarar telja það sjálfsagðan rétt allra foreldra að geta tekið virkan þátt í skólalífi barns síns og það sé á ábyrgð kennara að liðka þar fyrir eftir föngum. Kennarar líta svo á að fjölbreytt foreldrasamstarf gefi möguleika á að ná til fleiri foreldra og því geti verkefni sem snýr að margmenningunni aukið líkur á að ná til breiðari hóps foreldra.

2. kafli Tilgangur og markmið

Á upphafsdögum verksins var mikil umræða um rétt allra foreldra til að vera tekin gild sem foreldri jafnvel þó tungumálaerfiðleikar geri róðurinn þungan. Kennarar fóru í gegnum mikla sjálfskoðun og ræddu til dæmis um þá tilhneigingu að beina máli sínu til íslenska foreldrisins og einblína á það í öllu foreldrasamstarfi og hunsu þannig annað foreldrið. Eftirfarandi atriði urðu aðalatriði í umræðunum.

Að fá ekki upplýsingar frá fyrstu hendi. Kennurum fannst þeim ekki gefa öllum foreldrum tækifæri á að koma á kynningarfundum né í foreldraviðtöl á sömu forsendum. Ef foreldrar skildu ekki íslensku þá var ekkert gert sérstaklega til að hjálpa þeim.

Að fá ekki að gefa upplýsingar. Kennurum fannst þeir ekki gefa öllum sama tækifæri til að hafa áhrif á líf og nám barns síns. Ef foreldrar skildu ekki né töluðu íslensku höfðu þeir fáar bjargir til að blanda sér í umræðuna um barnið. Þeir voru ekki spurðir hvorki um sínar skoðanir né sína hlið á uppeldi og umönnun barnsins.

Að hafa ekki móttökuáætlun sem gerði ráð fyrir báðum foreldrum barnsins.

Vilji til að gera betur varð kveikjan að margmenningar-verkefninu.

Tilvitnun í kennara:

Hvað varðar mig sjálfa þá hefur þetta verkefni gert mér skiljanlegt hversu fordómafull ég í rauninni er án þess að ætla það. Þetta hefur orðið til þess að ég hef þurft að vinna með mig sjálfa í þessu tilliti. Einnig hef ég gert mér grein fyrir í auknum mæli hversu í raun leikskólinn er “fjölmenningarlegur” í eðli sínu.

Tilgangur verkefnisins er að veita tvítyngdum börnum og foreldrum þeirra viðunandi þjónustu sem samræmist þeim faglegu kröfum sem kennarar gera til sín og þeim kröfum sem samfélagið krefst af leikskóla í lögum og reglugerðum sem og *Aðalnámskrá leikskóla*.

2.1 Markmið og rökstuðningur

Í meðförum kennarahópsins varð til eftirfarandi verkefnalisti sem varðaði leiðina í verkefninu. Síðar kom í ljós að nauðsynlegt var að forgangsraða verkefnum og það sýndi sig líka að áhugi á sumum verkefnum minnkaði um leið og kennarar töldu sig sjá að þörfin fyrir þau væri minni en áætlað var í fyrstu. Verkefnalistinn varð um leið markmið verkefnisins.

Að markmið og stefna leikskólans nái jafnt yfir alla nemendur og foreldra leikskólans.

Að auka víðsýni og skilning okkar sjálfra til menningarlegs margbreytileika.

Samskiptum við heimili tvítyngdra barna eru stundum takmörk sett vegna málerfiðleika. Sé ekkert að gert er tæpast hægt að segja að jafnræði ríki, hvorki hvað varðar möguleika foreldra á að vera þátttakendur í námi og uppeldi barna sinna né hvað varðar tækifæri til að hafa áhrif. Þessu viljum við breyta og nefnum máli okkar til stuðnings að Aðalnámskrá leikskóla áréttar mikilvægi samstarfs og góðra samskipta við heimili barnanna. Rík áhersla er lögð á mikilvægi góðrar samvinnu og samstarfs við heimili barnanna í skólanámskrá leikskólans og leitt að því líkum að samvinna við heimili barnanna geti verið forsenda þess að árangur náist í námi og kennslu.

Að virða sérhvert foreldri sem uppalanda og sérfræðing um sitt barn.

Að jafna aðstöðu foreldra og þá um leið barnanna.

Að vinna að verkefninu „Menningarlegur margbreytileiki“, í nánú samstarfi og samráði við foreldra.

Lítið er til af aðgengilegu fræðsluefni um uppeldi og nám tvítyngdra barna og fá augljós bjargráð hvað varðar að útvega túlka og þýðendur hér á norðurhluta landsins. Sérstaklega er þörfin mikil hvað varðar að koma daglegum skilaboðum á framfæri. Þessu viljum við

koma í betra horf.

Að safna saman upplýsingum um túlka og þýðendur á svæðinu.

Að hafa dagleg skilaboð á tungumáli viðkomandi foreldra, búa til nokkurs konar orðabók.

Að þróa boðleiðir sem gagnast þessum hóp.

Íslenskuhæfni tvítyngdra barna er mjög misjöfn og léleg staða í íslensku er líkleg til að hamla öðru námi. Mál er undirstaða í samskiptum, því geta tvítyngd börn þurft sérstaka aðstoð til að standa jafnfætis hinum börnunum félagslega. Við teljum að virðing gagnvart menningu, siðum og tungumáli tvítyngdra barna sé jafn sjálfsögð og það að við virðum og höldum upp á íslensku og íslenskar hefðir.

Að tvítyngdum börnum standi sömu kostir opnir og öðrum börnum leikskólans, ekki síst félagslega.

Að vinna fjölmennningarlegt dagatal.

Lítið er til af kennslufni til íslenskukennslu tvítyngdra barna á leikskólaaldri.

Við viljum móta íslenskukennslu fyrir tvítyngd börn á leikskólaaldri.

Að íslenskukennslan skili málhæfni sem geri börnin hæfari til að aðlagast íslenskri menningu og samfélagi.

Í einhverjum tilvikum eiga foreldrar tvítyngdra barna ógreiðan aðgang að fræðslu og upplýsingum um það að ala upp tvítyngt barn.

Að safna saman og gera upplýsingar aðgengilegar fyrir foreldra um uppeldi tvítyngdra barna.

Að þær upplýsingar sem safnast og þau fræðslugögn sem verða til við verkefnið verði aðgengileg utan leikskólans, meðal annars á vefnum.

Að starfsfólk verði faglega meðvitað um málefni tvítyngdra barna og fylgjast með því sem er efst á baugi á þessu sviði

3. kafli Þróunarstyrkurinn

Vorið 2002 var sótt um þróunarstyrk til verkefnisins og í kjölfarið fékkst 200.000 kr. styrkur frá Menntamálaráðuneytinu og síðan aftur styrkur upp á 200.000 kr. árið eftir. Þessir fjármunir voru nýttir til fundarhalda, námskeiða svo og til skýrslugerðar. Einnig var hluti fjárveitingarinnar notaður til að setja upp vef sem hýsir verkefnið.

Það að fá styrk var mikil hvatning og kennarar litu einnig svo á að það væri viðurkenning á verkefninu. Strax var hafist handa um að forgangsraða verkefnalista og vinna markvisst að því að laga grundvallarþætti í starfinu.

Fundir voru haldnir með stjórnendum og deildarstjórum þar sem málið var rætt og áhersluatriði dregin fram. Á fundi allra starfsmanna var málið einnig rætt ítarlega og fengin breiðari sýn á hug kennara, væntingar og vilja til að taka þátt í ákveðnum þáttum verksins. Þar sem deildir leikskólans eru aldurskiptar og einn árgangur að jafnaði á hverri deild þurfti að ræða vel hvernig mæta þyrfti ólíkum aldri barna. Niðurstaða af þeim umræðum var sú að starf með tveggja til þriggja ára börnum snerist að svo miklu leiti um málörvun og fjölbreytta íslenskukennslu að líklega þyrfti meira að knýja á á deildum eldri barna en yngri. Allir starfsmenn sátu námskeið um margar hliðar tvítyngi, köfuðu ofan í goðsagnir og fordóma, yfirfóru stefnu og leiðir í foreldrasamstarfi svo fátt eitt sé nefnt.

4. kafli Verkefnið

Margmenningarverkefnið á sér margar hliðar, meðal annars fólst stór hluti vinnunnar í sjálfsskoðun kennara, persónulegri vinnu með fordóma, vanþekkingu og fleira. Af öðrum verkefnum má nefna að

- Aðgengi allra foreldra að leikskólanum var bætt. Kennarar leita leiða til að tala við báða foreldra barnanna, gefa þeim upplýsingar og hvetja til samstarfs með fjölbreyttum hætti. Ákveðið var að nota myndrænaframsetningu með texta til að hjálpa þeim sem ekki lesa íslensku.
- Unnið var mikið verk í áttina að því að koma upp hentugri íslenskukennslu fyrir mismunandi hópa barna.
- Lokið var við móttökuáætlun fyrir börn og foreldra.
- Þróaðar voru orðabækur sem fylgja börnum sem eru mállaus eða mállítill á íslensku
- Allt efni um verkefnið var sett á vef sem er öllum opinn .
- Lögð er áhersla á að fá túlka í þau foreldraviðtöl sem þarf en erfitt að hafa ekki aðgang að túlkaþjónustu né sjóði til að sækja kostnaðinn í.
- Haft er í huga að stundum er betra að flytja skilaboð munnlega en skriflega
- Lögð er áhersla á myndræna framsetningu á efni og skilaboðum, t.d. á heimasíðum en einnig um daglegt starf og fleira.
- Öll börn koma með myndaalbúm með fjölskyldumyndum, myndum af landinu sínu og ferðalögum sem það fer í. Þetta gefur ótal tækifæri til að ræða um margmenninguna í víðasta skilningi .
- Skráningar eru notaðar markvisst (uppeldisfræðileg skráning auk venjulegra aðferða) og þær settar fram fyrri foreldra að skoða.

4.1 Móttaka nýrra barna

Eitt af því fyrsta sem var bætt og um leið eitt það mikilvægasta að mati starfsmanna var að gerð var móttökuáætlun fyrir ný börn með annað tungumál en íslensku. Hér á eftir má sjá dæmi um útfærslu á áætluninni.

Þegar barn sem talar litla sem enga íslensku byrjar í skólanum, þá eru foreldrar beðnir um að fylla út svolitla orðabók með nauðsynlegum orðum og setningum. (Sjá fylgiskjal 2 og sýnishorn á slóðinni: <http://idavollur.akureyri.is/fjoldemning/upplýsingar.htm>)

Einnig fylla þeir út upplýsingablað þar sem er beðið um upplýsingar um þjóðtungu, trú, hvaða tungumál barnið kann og fleira. Sjá fylgiskjal 1 og sýnishorn á slóðinni: <http://idavollur.akureyri.is/fjoldemning/upplýsingar.htm>)

Fyrstu dagana fær barnið með sér heim:

- Blað með myndum af öllum börnum á deildinni
- Blað með myndum m.a.:
 - mynd af deildinni(hurð)
 - mynd af leikskólanum
 - myndir og nöfn starfsmanna
 - myndir af barninu í leik fyrsta daginn

Sérhvert barn fær orðabók fyrir hvert barn sem inniheldur myndir, gögn og upplýsingar. Einnig eru notaðar myndir úr forritinu boardmaker og tákn með tali og skrifum inn á táknmyndirnar orðin á íslensku og á viðkomandi tungumáli. Sjá fylgiskjal 3 og sýnishorn á slóðinni: <http://idavollur.akureyri.is/fjoldemning/upplýsingar.htm>)

Í skólanum eru hengdir upp þjóðfánar landanna sem börnin eru frá en einnig leitast við að eiga Myndir frá löndunum, kort, frímerki og fl.

Kennarar nýta upplýsingablöðin frá foreldrum um sérstaka daga ársins.

Í forstofum hanga uppi spjöld þar sem boðið er góðan daginn á mismunandi tungumálum.

Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir hvert barn og lögð áhersla á málörvun og félagslega aðlögun. Hér á eftir eru dæmi um áherslur í málörvun.

4.2 Málörvun og íslenskukennsla

Aðferðir við málörvun byggjast á því á hvaða aldri barnið er og hvernig íslenskukunnátta þess er háttað. Hér má finna örfá dæmi um leiðir sem reyndust vel, rétt til að gefa tóninn en fjölbreyttni er lykilorðið.

Í fyrri hlutanum eru dæmi sem miðast við 5 ára börn sem hafa einhvern grunn í íslensku og þau tók Greta Benjamínsdóttir leikskólakennari á Jötunheimi saman en hún var virkur þátttakandi í margmenningarverkefninu og sá um íslenskukennslu og málörvun bæði árin. Í seinni hlutanum hefur Hanna Sigmarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu tekið saman punkta sem miðar að málörvun yngri barna

4.2.1 Fyrri hluti

(Greta Benjamínsdóttir)

Í vetur hafa þau börn sem eiga annað foreldrið erlent verið í sérstökum málörvunartímum einu sinni í viku. Unnið er með nokkur börn í hóp og megináhersla hefur verið lögð á tjáningu, aukinn orðaforða og málskilning.

Galdurinn er að hafa viðfangsefni nógu einföld og hnitmiðuð.

Dæmi um viðfangsefni:

Að spila málörvandi og málhvetjandi spil

Að vinna málörvandi verkefni

Að fara í leiki sem gera kröfur á að börnin tjái sig

Að skoða bækur og ræða um myndirnar

Að skoða og nefna hluti sem eru í umhverfinu

Leikir:

Farið í búðarleik, kennarinn er afgreiðslumanneskjan og börnin viðskiptavinirnir. Þegar viðskiptavinirnir koma til að kaupa inn þá er ekki nóg að benda og segjast ætla að fá svona eða benda heldur verður að nota nákvæmara orðalag.

Að nota áþreifanlega hluti s.s. sækja fötin þeirra í forstofuna, ná í áhöld í eldhúsið osfrv.

Verkefni:

Að skoðaða myndir sem sýna hluti þar sem eitthvað er að eða þar sem eitthvað er ekki eins og það á vera. Síðan tjá börnin sig um hvað það er sem er rangt og hvað það er sem er rétt. Þau þurfa einnig að útskýra og rökstyðja. Gæta verður þess að myndir séu nógu einfaldar og skýrar.

Hlustunarspil og fl. fánleg hjá Námsgagnastofnun

Forritið [Boardmaker](#) hefur nýst vel til að útbúa spil og þrautir, flokka og til að búa til orðabækur.

Spilið *What's wrong* frá Color cards, Fánlegt hjá: www.speechmark.net

Hjálpargögn:

Orðabækur fyrir ung börn eru oft með skýrum og góðum myndum sem nota má til að skoða og ræða um.

Talk now eru tungumálaforrit sem fá má á mörgum tungumálum. *Lærið íslensku* heitir eitt þeirra og það má vel nota til að bæta við orðaforða. Í forritinu er hægt að spila minnispil, hlusta á einfaldar setningar á íslensku og para saman svo eitthvað sé nefnt.

Forrit með *Tákn með tali* er fánlegt hjá Námsgagnastofnun. Það hefur nýst vel til þegar barn hefur litla sem enga íslensku. Hægt er að setja táknið á blað með íslensku og erlendu orði og búa til grunnorðabók. Forritið er einnig gott fyrir íslensk börn sem eru nýlega flutt til landsins og vantar orðaforða á ákveðnum sviðum.

4.2.2 Seinni hluti

(Hanna Sigmarsdóttir)

Gagnkvæm tjáskipti er öllum mikilvæg. Það að geta skilið og gert öðrum skiljanlegt það sem manni býr í brjósti ætti að vera sjálfsögð réttindi hvers manns. Að geta ekki tjáð sig almennilega og gert sig skiljanlegan getur verið pirrandi og jafnvel valdið ýmsum hegðunarerfiðleikum. Þetta er vel skiljanlegt, þér líður illa en þú getur ekki komið neinum í

skilning um það. Ef þig langar að biðja einhvern um að leika við þig, en það skilur þig enginn. Þá er gott að grípa til annarra aðferða en talmálsins t.d mynda og/eða TMT (tákn með tali). Það hefur verið reynsla okkar hér á Iðavelli að þegar barn byrjaði á leikskólanum og hefur átt erfitt með að tjá sig á íslensku, þá hefur það auðveldaði okkur og barninu lífið að fá orðabók á tungumálinu sínu yfir helstu athafnir í leikskólanum. Orðabókin gefur tækifæri til að tengja orð og myndir (Við notuðum forritið Boardmaker mikið) Þetta m.a. hefur hjálpað börnum að stíga fyrstu skrefin í íslenskunáminu.

Þegar við vinnum með yngri börnin gerum við það í gegnum leik og daglegar athafnir. Leikurinn býður upp á ótal möguleika til málnotkunar. Þykjustu- og hlutverkaleikir eru þeir leikir sem hafa hvað mest áhrif á boðskiptahæfni og málþroska barna. Ung börn eiga erfitt með að tala um eitthvað löngu liðið eða eitthvað sem er ókomið. Þau geta einnig átt erfitt með að ná innihaldinu í löngum setningum og orðarunum. Þess vegna höfum við notað þá leið að setja orð á allt sem við gerum (sjálftal). Við höfum reynt að hafa málið einfalt og skýrt og tölum um það sem er að gerast "núna", eða rétt áðan. Mikilvægt er að ná augnsambandi við barnið þegar talað er við það, Þá veistu að þú hefur náð athygli þess, að það er að hlusta.

Það sem gott er að hafa í huga þegar barn með annað tungumál byrjar í leikskóla: Skilur barnið og/eða talar einhverja íslensku? - Hvað skilur það? – hvaða orð er það að nota? Hægt er að nota málþroskaprófið Orðaskil (styttri útgáfan) sem er orðaforðagátlisti til að kanna hvaða orð barnið notar/skilur.

Ef barnið hefur litla sem enga íslensku er gott að gera orðabók yfir þau orð sem barnið er að nota og bæta svo við eftir þörfum.

Þegar lögð eru inn ný orð er gott að senda þau heim líka, þá geta foreldrar æft sig með. Gott er að hafa bæði mynd, erlenda og íslenska orðið.

Hugmyndir að því sem hægt er að gera með ungum börnum sem hafa annað tungumál en íslensku.

Að hafa umhverfið myndrænt, t.d með boardmaker, táknmyndum, (TMT) eða ljósmyndum (eða blanda öllu saman) þannig að auðvelt sé að benda og nefna. Þetta á meðal annars við um dagskipulagið sem gott er að hafa myndrænt. Í forstofu má hengja upp myndir af fötunum sem fara á í. Gott er að hafa myndir af leikföngum inni í leikherbergjum og af mataráhöldum þar sem er borðað svo fátt eitt sé nefnt.

Að tala í stuttum og skýrum setningum og endurtaka oft.

Að taka barnið oft í fangið og skoða með því myndabækur með einföldum og skýrum myndum.

Að spila lottó með einföldum myndum þar sem athyglin er bara á einn hlut.

Þegar lögð eru inn ný orð, (hugtök eða smáorð) þarf að leggja mikla áherslu á þau orð í öllu starfinu

Að vera í leik með barninu, t.d hlutverkaleik, búðarleik ofl.

Að nota hreyfisöngva, vísur og þulur sem byggjast á endurtekningum, og hreyfingum.

5. kafli Mat á verkefninu

5.1 Forkönnun

Á meðan beðið var eftir svári um fyrsta styrkinn var lögð könnun fyrir alla starfsmenn um hug þeirra til verkefnisins og skoðanir á völdum þáttum. Um var að ræða 22 starfsmenn, bæði kennar og leiðbeinendur en einnig starfsmenn í eldhúsi sem svöruðu ekki öllum spurningum.

Fyrsta spurningin snerist um það hvort starfsmenn vonuðu að styrkur fengist.

2 sögðust alveg eins vilja það en 18 sögðu já. Þetta þótti góð vísbending um framhaldið.

Þegar spurt var um þörf á námskeiðum og fyrirlestrum þóttu 1 hún vera einhver, 5 töldu hana töluverða og 14 mikla. Í kjölfarið var fenginn fyrirlesari á skipulagsdegi til að fjalla um málefnið.

Spurt var um hvaða leið fólk teldi besta í kennslu tvítyngdra barna og 2 lögðu áherslu á að þau gengu inn í sama starf og önnur börn, 8 vildu veita þeim hjálp yfir erfiðasta hjallann og fá þau svo inn í almennt starf, 5 vildu að helstu þættir skólastarfsins væru skoðaðir með tilliti til þessa hóps og 5 vildu aðlaga alla nauðsynlega þætti að hópnum. Niðurstöður vöktu umræður um leiðir og áherslur og vörðuðu leiðina framundan.

Aðspurðir voru allir starfsmenn tilbúnir til að leggja á sig aukna vinnu til að sinna foreldrum þessa hóps betur, 3 sögðu einhverja, 14 töluverða og 3 mikla.

Þegar sama spurning snerist um börnin var niðurstaðan sú að 2 sögðust tilbúnir til að leggja á sig einhverja vinnu, 13 töluverða og 6 mikla.

Spurt var um hvort leikskólinn ætti að sækjast eftir því að fá tvítyngd börn í skólann og svörin voru á þá leið að 7 sögðu í einhverju mæli en 12 töldu það sjálfsagt.

Þá var spurt um hver ætti að bera ábyrgð á kennslu tvítyngdra barna. Enginn vildi að deildarstjóri sérkennslu tæki það að sér en 7 töldu ábyrgðina hvíla á deildarstjórum, 1 á leikskólakennurum og 10 vildu allir bæru ábyrgðina.

Starfsmenn voru beðnir að segja til um hvað væri þeim persónulega erfiðast í starfinu með tvítyngdum börnum og flestum fannst að málörðugleikar væru erfiðast hjallinn, bæði hvað varðar börnin og foreldrana. Nokkrir nefndu að tímaleysi væri til boga og að erfitt væri að nálgast þýðingar og túlka. Sumir töldu að aðlögunartímabilið væri erfitt og samstarfið við foreldra sem kynnu lítið í íslensku tæki á, sérstaklega með tilliti til þess hve það hamlaði samstarfinu um barnið. Hér skiptust áherslur nokkuð í tvennt á milli leikskólakennara og leiðbeinanda. 6 leikskólakennarar nefndu málleysið og 1 kennari nefni tímaleysi, 1 nefndi þýðingar og 1 aðlögunina. Allir leiðbeinendur nefndu óttan við að skilja ekki sem aðalatriði.

Spurt var um hvar starfsmenn persónulega vildu leggja áherslur varðandi tvítyngd börn og margt kom fram sem vert er að nefna:

- Að flýta máltöku og málfærni eftir því sem kostur er án þess að það komi niður á fyrsta máli
- Að gefa þeim flýtleiðir í íslensku
- Að vinna mikið með almenna málörvun
- Að vinna með samskiptahæfni
- Að stuðla að vellíðan barna
- Að stuðla að jafnræði og gefa jöfn tækifæri

Þegar þessar upplýsingar eru skoðaðar með tilliti til menntunar starfsmanna kom í ljós að 3 leikskólakennarar nefna tungumálið sem aðalatriði, 3 töldu samskiptin vera í fyrsta sæti, 2 nefndu foreldrasamvinnu og 1 málþroskapróf. 7 leiðbeinendur nefndu tungumálið, 1 aðlögun, 1 samskiptareglur og 2 jafnræðið.

Annað sem starfsfólk vildi að kæmi fram var að því fannst tími til komin að taka á þessum málum, tillögur komu fram um að hafa menningartengdadaga og að gaman væri að kynnast annarskonar lífsháttum. Það vildi gjarnan læra að heilsa og kveðja á mörgum tungumálum og að til væru orðabækur fyrir þau tungumál sem um ræðir hverju sinni.

5.2 Mat á meðan á verkefni stóð

Á starfsmannafundi gafst óformlegt tækifæri til að meta verkefnið og eftirfarandi þættir komu fram.

Kennarar sögðu að verkefnið hafi gefið tækifæri til að hugsa marga þætti í skólastarfinu upp á nýtt og gefið þeim nýja sýn á marga þætti. Hér á eftir má sjá atriðin sem kennarar nefndu.

- Verkefni bætti almennt skipulag á foreldrasamstarfi á við alla foreldra
- Verkefnið hafði áhrif á kennsluaðferðir og áherslur í skólanámskrá
- Verkefnið kom á sérkennslu og stuðning við tvítýngd börn
- Verkefnið sýndi nauðsyn þess að huga að stuðning við suma foreldra
- Verkefnið breytti viðhorfum kennara á mörgum sviðum og að því loknu töldu þeir að verkefnið hafa breytt þeim sjálfum á eftirfarandi hátt:
 - Kennarar segjast horfa minna á aðgreiningu en áður
 - Þeir segja það hafa gefið þeim tækifæri til að horfast í augu við eigin fordóma
 - Þeir segja það hafa veitt aukna víðsýni inn í skólastarfið

Þeir segja það hafa aukið forvitni um lönd, þjóðir og menningu

Þeir segja það hafa kennt þeim að draga ekki algildar ályktanir um þjóðir og þjóðarbrot

Þeir segjast fylgjast með fréttáflutningi og umfjöllun um málefnið

Þeir segjast kynna sér það sem aðrir eru að gera annarstaðar

5.3 Langtímaáhrif verkefnisins

Hér á eftir má lesa hug starfsmanna til verkefnisins og niðurstöður úr mati hópsins á því hvernig til tókst.

Margir þættir í verkefninu hafa orðið fastir liðir í skólastarfinu. Nú er til er móttökuáætlun fyrir börn með litla sem enga íslenskufærni sem hefur þann kost að gera ráð fyrir þátttöku og aðstoð beggja foreldranna. Nú er innbyggt í skólastarfið að taka á móti fjölbreyttum hópi barna og foreldra og vinnubrögðin eru fastmótuð. Áhersla á almennt foreldrasamstarf hefur aukist til muna og kallað á þróunarstarf á því sviði. Til dæmis Bifröst sem er samvinnuverkefni heimilis og skóla um vefsíður fyrir hvert barn (sjá á slóðinni <http://idavollur.akureyri.is/bifrost/index.html>).

Verkefnið breytti heilmiklu. Þetta verkefni gerði okkur meira meðvituð um foreldrasamstarf og má segja að sé grunnurinn undir önnur verkefni á þessu svið. T.d. leiðtogaskóli í foreldrasamstarf. og Bifröst. Verkefnið breytti hugsunarhætti okkar, gerði okkur jákvæðari í hugsun og við gerðum okkur grein fyrir hversu óendanlega mikilvægt gott samstarf við foreldra er.

Verkefnið hafði víðtæk áhrif á fimm megin þætti:

- Það hafði áhrif á fjölskyldurnar sem um ræðir.
- Það breytti starfinu í skólanum.
- Það hafði áhrif á starfsmenn persónulega.
- Það hafði áhrif á skólanámskrá.
- Það hafði áhrif á annað starf í skólanum

Hér á eftir verða færð rök fyrir sumum af þeim þáttum sem kennarar töldu hafa náðst með verkefninu. Annars vegar þau áhrif sem það hafði á starfið en hins vegar áhrifin á kennarana sjálfa en aftast eru nefnd nokkur atriði um áhrif verkefnissins á aðra.

Þeir sögðu verkefnið hafa skapaði umræðu og aukið víðsýni.

Þeir sögðu verkefnið hafa gefið fleiri svör um það sem er líkt heldur en það sem skilur að.

Þeir sögðust vera jákvæðari.

Þeir sögðust vera meðvitaða um málþroska í víðasta skilningi og mögulega anmarka á því sviði.

Þeir sögðu móttaka tvítyngdra barna vera markvissa.

Þeir sögðu vinnuna með tvítyngdum börnum vera markvissari.

Þeir sögðu að nú væri orðabók og myndir til taks þegar á þyrfti að halda og þetta fylgdi síðan börnunum.

Þeir nefndu að nú væru sérstakir málörvunartímar.

Kennarar segjast leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við erlenda foreldra og taka meira tillit til sérstöðu þeirra.

Kennarar nefna að nú sé myndræn framsetning orðin sjálfsagt mál.

Kennarar sögðu að verkefnið hafi haft áhrif á þá persónulega, meðal annars gert þá meðvitaðri um sérstöðu og menningu og dýpkaði skilning á fleiri sviðum.

Þeir segja að verkefnið hafi aukið aðgætni og virðingu í samskiptum.

Þeir segja að verkefnið hafi opnaði augu starfsmanna fyrir því að huga að málörvun og félagsfærni .

Þegar spurt var um áhrif verkefnissins á aðra nefna skólastjórnendur að þeir hafi orðið varir við að aðrir kennarar eru að nýta sér vefinn, lesa sér til eða nýta eyðublöð og móttökuáætlun. Nokkuð hefur verið um símhringingar og fyrirspurnir frá kennurum og haldin hafa verið námskeið og kynningar um verkefnið í skólum og fyrir hópa kennara.

Það er því ljóst að verkefnið hefur skilað miklu fyrir kennarana, fyrir starfið og fyrir aðra. Áhrif á börnin og fjölskyldur þeirra voru ekki hluti af mati tengdu verkefninu en vandað starf, skýr móttökuáætlun og vönduð kennsla hlýtur að skila sér heim, að minnsta kosti fyrir sumar fjölskyldur.

5.4 Mat starfsmanna ári eftir að verkefni lauk

Ári eftir að formlegu þróunarstarfi lauk var lögð fyrir önnur könnun. Einungis voru spurðir þeir sem höfðu verið í starfi bæði árin eða hið síðara. Um var að ræða 15 starfsmenn og skiluðu 13.

Þegar verkefnið hófst var leikskólinn að flytja í nýtt húsnæði og stækkaði úr einni deild í fjórar. Mikil aukning varð á starfsmannfjöldanum og í könnuninni sagði nýja fólkið að það hefði ekki samanburðinn við hvernig hlutirnir voru áður en verkefnið byrjaði. Þetta er atriði sem skiptir miklu í matinu og reyndin sú að þeir sem voru á gamla Iðavelli og höfðu samanburðinn gáfu jákvæðari umsagnir og virtust hafa glegggra auga á það sem tengja mætti við verkefnið. Þeir virtust einnig hafa meiri skilning á hvað var verkefninu að þakka og hvaða áhrif voru í beinum tengslum við það.

Aðalþungi verkefnisins hvíldi á elstu deild leikskólans, Jötunheimi. Þar voru 8 fjölskyldur sem féllu undir skilgreiningar sem notaðar voru. Starfsmenn á Álfheimi deild tveggja ára barna og Gláðheimi deild þriggja ára barna töldu fremur að þeir vissu lítið um verkefnið og töldu sig síður færa um að meta árangur á meðan starfsmenn á eldri deildunum tveimur töldu sig færa um að leggja mat á verkefnið og árangur af því. Hér ræður húsaskipan einhverju en hún er á þá leið að í öðrum enda hússins eru yngri deildir með sameiginlega forstofu og leiksvæði en í hinum endanum eru eldri deildir með sameiginlega forstofu, matsal og leiksvæði.

Nær allir starfsmenn töldu að heimasíðan væri besta vísbendingin um verkefnið, þar væru greinagóðar upplýsingar og auðvelt að nálgast efnið.

Allir nefndu að fánar þeirra sem í húsinu væru hverju sinni sæjust og einhverjir nefndu að þeir vektu umræðu og gestir spyrðu gjarnan um þá. Færri nefndu að spjöld þar sem boðið væri góðan dag á mörgum tungumálum hefðu verið góð leið og þau þyrfti að setja upp aftur.

Allflestir töldu að verkefnið hefði haft varanlega áhrif á skólastarfið en einnig að það hefði haft persónuleg áhrif, vakið þá til umhugsunar um mismunandi menningu en ekkert síður beint sjónum að því sem er líkt fremur en því sem er ólíkt. Mat fólks var að einn af stærri kostum verkefnisins var að vekja umræðu t.d um fordóma, það hefði beint sjónum að málþroska og menningu, gefið aukna víðsýni til dæmis á sérstöðu og aðstæður. Einnig

hefði verkefnið gert fólk jákvæðara og líklega breytt heilmiklu fyrir hlutaðeigandi börn og fjölskyldur þeirra.

Tilvitnun í kennara:

Eins og fram kemur hér að framan þá breytti verkefnið heilmiklu. Það setti “fókus” á samstarf við foreldra sem síðan hefur verið svolítið eins og rauður þráður. Þetta verkefni á sinn þátt í þeirri þróun sem orðið hefur í hugmyndafræði leikskólans. Þeirri jákvæðu sýn sem höfum tamið okkur hér. Hvað varðar mig sjálfa þá hefur þetta verkefni gert mér skiljanlegt hversu fordómafull ég í rauninni er án þess að ætla það. Þetta hefur orðið til þess að ég hef þurft að vinna með mig sjálfa í þessu tilliti. Einnig hef ég gert mér grein fyrir í auknum mæli hversu í raun leikskólinn er “fjölmenningarlegur” í eðli sínu

[Verkefnið] vakti mig til umhugsunar um þá stöðu að vera útlendingur í öðru landi og hvað það er í rauninni mikill “pakki” að vera foreldri leikskólabarns, þá á ég við að við ætlumst til að fólk lesi á töfluna á hverjum degi og skilji öll skilaboðin sem við skrifum á töflu eða sendum heim um fundi, uppákomur, ferðir (sem getur þýtt að það þarf að mæta kl. eitthvað sérstakt), vantar aukaföt og fleira þess háttar.

Þegar spurt var um áhrif verkefnisins á starfið nefndu flestir að umræða hefði opnað sýn á fordóma og verkefnið hefði aukið víðsýni. Einnig töldu starfsmenn að starfið væri markvissara og faglegra, nefndu að efnið á vefnum væri aðgengilegt, málörvunartímar hefðu verið ný og árangursrík leið, vaknað hefði vitund um að sýna aðgæslu í samskiptum og starfi og að síðustu hefði verkefnið í för með sér aukna virðingu fyrir foreldrum. Fólk var ánægt með orðabókina, vefinn og myndaalbúmin sem fylgja öllum börnum, það hrósaði fánum og spjöldum með kveðjum og taldi að fjölbreyttari tónlist væri notuð. Verkefnið varðaði góða leið til framtíðar

Starfsmönnum fannst að verkefnið hefði brúað bil og auðveldað samstarf við foreldra t.d vegna þess að starfsmenn urðu öruggari í samskiptum við þá. Þá hefði verkefnið beint sjónum að því sem er líkt fremur en því sem er ólíkt og auðveldað starfsfólki að líta á

erlenda foreldra sem hverja aðra foreldra. Verkefnið gerði foreldrasamstarfið fjölbreyttara og jók almennt foreldrasamstarf.

Verkefnið jók samvinnu og upplýsingastreymi, t.d. milli deilda. allir voru meðvitaðir um að þjálfa börnin í að tala íslensku og hjálpa þeim sem þurftu að komast inn í barnahópinn. Öðrum þótti áhrifin á samstarfið lítil sem engin enda hefði upplýsingaflæði og samstarf verið gott fyrir.

Tilvitnun í kennara:

[Verkefnið] vakti mig til umhugsunar, við erum heppin að fá að njóta alls þess sem aðfluttir geta miðlað okkur.

Mér fannst ég finna fyrir sýnilegri áhuga á leikskólanum hjá foreldrum tvítyngdu barnanna. Þeir voru yfirleitt mjög ánægðir og hreyknir af áhuganum sem við sýndum og boðnir og búnir að veita aðstoð.

Athygli vakti að þrír sem svöruðu nefndu að verkefnið hefði ekki breytt neinu en nefndi í öðru samhengi að verkefnið hefði leitt af sér að fánar væru í forstofum auk , kveðja á ýmsum tungumálum. Þeir nefndu heimasíðuna sem góðan gagnabanka og tveir töldu sig víðsýnni, stunda betra og markvissara foreldrasamstarf og vita meira um máltöku tvítyngdra barna.

Þegar starfsmenn voru beðnir um að nefna mikilvægustu verkefnið í tengslum við margmenninguna kom fram að nauðsynlegt væri að horfa á barn sem sterkan, duglegan einstakling sem hefur eitthvað einstakt fram að færa. Einnig þyrfti að gæta þess að allir sitji við sama borð, bæði börn og foreldrar og skóli þyrfti að viðurkenna ólíka menningu og styðja við málþroska, t.d. með því að hlusta vel á börnin og sjá til þess að allir fái að njóta sín í starfi og leik. Mikilvægt þótti að hafa tilbúna áætlun um móttöku og kennslu erlendra barna og vera meðvitaður um að börn bregðast misjafnlega við nýjum aðstæðum og þurfa sum málörvun og aðstoð félagslega.

Tilvitnun í kennara:

Ég lærði mest um hversu erfitt það getur verið að vera útlent barn/foreldri í nýju og framandi umhverfi. Ég lærði líka margt um hvernig á að standa að móttöku og kennslu þessara barna og aðstoð við foreldra þeirra.

Mér finnst málörvun afar mikilvæg og það að því fólki sem hér starfar sé ljós staða hvers barn hvað skilning varðar svo ekki sé verið að gera óraunhæfar kröfur á barnið (á reyndar líka við um öll önnur börn þar sem skilningi og tjáningu er ábótavant). Einnig finnst mér líka mikilvægt að bera virðingu fyrir því sem er ólíkt s.s. matarvenjur að gefa barninu tíma til að venjast nýju fæði í rólegheitunum o.þ.h. Mikil samvinna við fjölskyldur líka nauðsynleg.

Starfsmenn voru einnig spurðir um hvað væri mikilvægt gagnvart foreldrum og voru nokkur atriði nefnd, svo sem að mikilvægt sé að skólinn og foreldrar séu samstíga og beri virðingu hvort fyrir öðru og að foreldrar þessara barna finni að þau skipta máli.

Að foreldrar finni að við viljum þeim og börnum þeirra allt hið besta og að þau fái og skilji allar upplýsingar sem frá okkur koma. Að foreldrar fái reglulegar upplýsingar um hvernig barnið þeirra stendur, bæði félagslega og varðandi íslenskukunnáttuna.

Að starfsmenn geri sér far um að útskýra allt vel og ganga úr skugga um að fólk skilji hvað sagt er við það. Gæti trúað að oft sé tilhneiging til að jánka einhverju sem sagt er við mann án þess að skilja það kannski til fullnustu. Fyrst og fremst gott og mikið samstarf.

Að geta lagt fram upplýsingar á máli viðkomandi (eftir því sem hægt er) um skólann, starfsfólkið, kennsluaðferðir, til hvers við ætlumst af foreldrum o.fl. Útvega ýmsar almennar auglýsingar á máli viðkomandi. Ath. með túlka á kynningarfundum.

Starfsmönnum þótti mikilvægt að verkefnið héldi áfram og í framhaldinu þyrfti að gera verkefnið sýnilegra og treysta samstarf við foreldra með því að viðhalda virðingu fyrir ólíkri menningu og taka tillit til óska foreldra og veita stuðning og upplýsingar þegar þess er þörf.

Einnig væri mikilvægt að endurmennta starfsfólks. Margir eru nýir og þekkja ekki verkefnið. Við megum ekki glata þessari þekkingu og vinnu. Þetta er málefni sem brennur á okkur núna og það mun ekki draga úr þörfinni næstu árin. Að gæta að því að það sem áunnist hefur glattist ekki heldur sé í stöðugri notkun og þróun.

Fólki þótti mikilvægt að halda því á lofti sem áunnist hefur svo ávinningurinn renni ekki út í sandinn og verði að engu. Einnig að vera vakandi fyrir góðum hugmyndum sem varða margmenninguna og koma þeim í verk. Fram kom að verkefnið hefði vakið athygli margra, til dæmis í leikskólum Akureyrar en einnig í leikskólum víðar. Starfsmenn nefndu að könnunin hefði kveikt aftur áhuga, vakið fólk til umhugsunar og rifjað upp

6. kafli Samantekt

Í upphafi voru sett fram þrettán markmið með verkefninu og hér á eftir verður farið í þau hvert og eitt og metið stuttlega hvort þau hafi náðst. Til að fá samanburð má skoða niðurstöður kannanna og umsagnir starfsmanna hér ofar en hér að aftan eru markmiðin rakin eitt af öðru.

Að markmið og stefna leikskólans nái jafnt yfir alla nemendur og foreldra leikskólans

Í mati starfsmanna kom það skýrt fram að verkefnið hefði gert foreldrasamvinnu fjölbreyttari og þar með veitt foreldrum tækifæri á að velja sér samstarfsleið sem þeim hentar.

Að auka víðsýni og skilning okkar sjálfra til menningarlegs margbreytileika

Starfsmenn voru sammála um að það hefði haft persónuleg áhrif, aukið víðsýni og skilning og eytt fordómum sem sumir voru ómeðvitaðir

Að virða sérhvert foreldri sem uppalanda og sérfræðing um sitt barn

Að jafna aðstöðu foreldra og þá um leið barnanna

Eftir verkefnið gerir skólanámskrá ráð fyrir að allir foreldrar séu virtir og fái að koma að uppeldi og kennslu barna sinna, þrátt fyrir tungumálaerfiðleika eða annað sem staðið getur í veginum

Að vinna að verkefninu „Menningarlegur margbreytileiki”, í nánú samstarfi og samráði við foreldra

Verkefnið skapaði margan samvinnugrunninn en án efa hefði mátt gera betur og er það verkefni til framtíðar

Að hafa dagleg skilaboð á tungumáli viðkomandi foreldra, búa til nokkurs konar orðabók

Að þróa boðleiðir sem gagnast þessum hóp

Á meðan á verkefni stóð var horfið frá þessu, ástæðan mest sú að tungumál og mállýskur eru svo margar og ólíkar að ómögulegt er að vinna að því. Í staðinn var ákveðið að gefa skilaboð munnlega til þeirra sem gætu þurft þess og setja upplýsingar fram eins myndrænt og hægt er.

Dagleg vönduð samskipti leystu þetta af hólmi

Að tvítyngdum börnum standi sömu kostir opnir og öðrum börnum leikskólans, ekki síst félagslega

Verkefnið gerði starfsmenn meðvitaðri um að félagslega færni þarf stundum að kenna sérstaklega. Skráningar, stöðugt mat og góð eftirfylgni varð fastur liður í starfinu fyrir öll börnin sem um leið beinir sjónum fljótt að því sem mögulega getur verið ábótavant

Að vinna fjölmennningarlegt dagatal

Ákveðið var að hætta við þetta, mikið til af sömu ástæðu og var nefnd hér fyrr. Menningarlega fjölbreytnin í skólanum var það mikil og síbreytileg frá ári til árs að slíkt dagatal yrði fljótt úrelt eða of viðamikil.

Að íslenskukennslan skili málhæfni sem geri börnin hæfari til að aðlagast íslenskri menningu og samfélagi

Vel gekk að koma á málörvun fyrir ólíka hópa og starfsmenn eru vakandi fyrir því sem þarf að huga að. Auðvelt er að grípa til aðgerða þegar þurfa þykir

Að safna saman og gera upplýsingar aðgengilegar fyrir foreldra um uppeldi tvítyngdra barn

Að þær upplýsingar sem safnast og þau fræðslugögn sem verða til við verkefnið verði aðgengileg utan leikskólans, meðal annars á vefnum

Margmenningarvefurinn varð staðreynd og er mikið notaður, bæði af kennurum skólans sem og kennurum annarra skóla.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Upplýsingar frá foreldri

Nafn barns: _____

Þjóðerni móður _____

Þjóðerni föður _____

Hvaða tungumál talar móðir: _____

Hvaða tungumál talar faðir: _____

Hvaða tungumál er talað heima: _____

Þjóðtrú: _____

Þjóðhátíðardagar: _____

Þjóðlegar hefðir og venjur: _____

Það getur verið gott fyrir barnið að hafa ljósmyndir með sér í skólann. Til dæmis myndir af foreldrum, sjálfu sér, afa og ömmu, myndir að heiman (frá sínu landi), vinir að heiman, myndir frá leikskólanum heima, eða myndir af uppáhalds hlut, dýrum eða stað. Hér verða foreldrar að finna hvað hentar best. Með myndunum getum við svo búið til orðabók fyrir barnið.

Ef barnið á bækur, geisladiska, tölvuleiki eða eitthvað í þeim dúr á sínu tungumáli væri gaman að fá það lánað á leikskólann.

Ef hægt væri að útvega okkur pappírsfána eða aðra ódýra útgáfu af fána landsins þá væri það gaman en engan veginn nauðsynlegt.

Ef fólk á ferðamannabæklinga, landslagsmyndir, kort, frímerki og annað þjóðlegt þá gætum við notað það. Þetta er ekki nauðsynlegt.

Fylgiskjal 2 Orðabók

Nafn barns: _____ Tungumál: _____

Íslenska	Mál barnsins	framburður með íslensku lettri
Mamma	_____	_____
Pabbi	_____	_____
Bróðir	_____	_____
Systir	_____	_____
Afi	_____	_____
Amma	_____	_____
Heim	_____	_____
Ekki	_____	_____
Mér líður illa	_____	_____
Ég er svangur	_____	_____
Ég er þyrstur	_____	_____
Ég er þreyttur	_____	_____
Mér er kalt	_____	_____
Mér er heitt	_____	_____
Ég er blautur	_____	_____
Ég þarf að pissa	_____	_____
Klósett	_____	_____
Út	_____	_____
Inn	_____	_____
Leika	_____	_____
Syngja	_____	_____
Lesa	_____	_____
Hvíla sig	_____	_____
Gönguferð	_____	_____
Úlpa	_____	_____
Skór	_____	_____
Buxur	_____	_____
Peysa	_____	_____

Matur	_____	_____
Mjólk	_____	_____
Brauð	_____	_____
Vatn	_____	_____
Bíll	_____	_____
Dúkka	_____	_____
Foreldrakaffi	_____	_____
Foreldrafundur	_____	_____
Foreldraviðtal	_____	_____
Lokað	_____	_____
Pollaföt	_____	_____
Hlýföt	_____	_____
Aukaföt	_____	_____
Sýning	_____	_____
Jólaball	_____	_____
Jólafondur	_____	_____

Íslenska	Mál barnsins	framburður með íslensku lettri
Frí	_____	_____
Ferðalag	_____	_____
Bíddu aðeins	_____	_____
Vertu góður	_____	_____
Má ekki	_____	_____
Púsluspil	_____	_____
Spil	_____	_____
Bók	_____	_____
Stóll	_____	_____
Borð	_____	_____
Vaskur	_____	_____
Spegill	_____	_____
Litir	_____	_____
Blöð	_____	_____
Tölva	_____	_____
Kubbar	_____	_____
Mála	_____	_____
Leikrit	_____	_____
Hlusta	_____	_____
Heyra	_____	_____
Sjá	_____	_____
Tala	_____	_____
Glas	_____	_____
Diskur	_____	_____
Skál	_____	_____
Hnífur	_____	_____
Gafall	_____	_____
Kjöt	_____	_____
Kartöflur	_____	_____
Grænmeti	_____	_____
Smjör	_____	_____

Fylgiskjal 3

Sýnishorn úr rússneskri orðabók

Orðabók:

Íslenska	Mál barnsins	framburður með íslensku lettri
Mamma	МАМА	МАМА
Pabbi	ПАПА	ПАПА
Bróðir	БРАТ	BRAT
Systir	СЕСТРА	SESTRA
Afi	ДЕДУШКА	DEDUSHKA
Amma	БАБУШКА	BABUSHKA
Heim	ДОМ	DOM
Ekki		
Mér líður illa	МНЕ ПЛОХО	MNJE PLOKHO
Ég er svangur	Я ГОЛОДНЫЙ	JA GOLODNIY
Ég er þyrstur	Я ХОЧУ ПИТЬ	JA KHOSHÜ PIT'
Ég er þreyttur	Я УСТАЛ	JA ÜSTAL
Mér er kalt	МНЕ ХОЛОДНО	MNE KHOLODNO
Mér er heitt	МНЕ ЖАРКО	MNE ZARKO
Ég er blautur	Я ПРОМОК	JA PROMOK
Ég þarf að pissa	Я ХОЧУ ПИСАТЬ	JA KHOSHÜ PISAT'
Klósett	ТУАЛЕТ	TUALET
Út	НАРУЖУ	NARUZÜ
Inn	ВНУТРИ	VNÜTRI
Leika	ИГРАТЬ	IGRAT'
Syngja	ПЕТЬ	PET'
Lesa	ЧИТАТЬ	CHITAT'
Hvíla sig	ОТХОДИТЬ	OTKHODIT'

Fylgiskjal 4

Sýnishorn úr orðabók barns